

Ed.

131. Frumvarp til laga

um eftirlit með útlendingum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn „útlendingur“ eða „útlendur“, ef ekki er skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum.

2. gr.

Óheimilt er að afskrá hér á landi útlenda sjómenn án leyfis dómsmálaráðvalar nema þeir hafi skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.

3. gr.

Óheimilt er að afskrá hér á landi útlenda sjómenn án leyfis dómsmálaráðherra. Skipstjóri ber ábyrgð á því, að afskráning útlendra sjómanna af skipi hans fari ekki fram án þess að greint leyfi sé fengið. Láti skipstjóri hjá líða að afla slíks leyfis eða setji óafskráðan útlendan sjómann á land, er hann, útgerð skipsins eða umboðsmenn hennar héraðs skyldir að greiða allan kostnað, sem leiðir af ólöglegri dvöl sjómannsins hér á landi og af heimsendingu hans. Sömu viðurlögum varðar það fyrrgreinda aðilja, ef útlendur maður, sem unnið hefir óskráður á skipi, fer hér af skipinu án leyfis dómsmálaráðherra.

Framangreindar reglur taka einnig til loftfara, eftir því sem við á.

4. gr.

Skipstjórar og loftfarstjórar eru skyldir til að halda skrá yfir farþega, sem þeir flytja hingað til lands frá útlöndum og héðan til útlanda. Löggæzlumenn og tollmenn skulu jafnan hafa aðgang að skrá þessum. Eftirrit af farþegaskrá eða útdrátt úr henni skal jafnan senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þegar eftir að skip eða loftfar hefir haft samband við land. Eftirrit þetta eða útdrátt skal senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans alstaðar þar, sem skip eða loftfar hefir látið farþega í land eða tekið þá úr landi, enda beri skráin eða útdrátturinn greinilega með sér, hverjir farþegar til útlanda eða frá hafi farið í eða úr skipi eða loftfari í því lögsagnarumdæmi.

Ef skipstjórar og loftfarstjórar fullnægja ekki skyldum þeim, sem lög þessi og fyrirmæli dómsmálaráðherra um eftirlit með útlendingum leggja þeim á herðar, þá eru þeir, hlutaðeigandi útgerð og umboðsmenn hennar hér á landi skyldir að greiða allan kostnað, sem leiðir af vanrækslu þeirra, svo sem kostnað vegna ólöglegrar dvalar útlendings hér á landi og af heimsendingu hans.

5. gr.

Ef útlendingur, sem ekki á fast heimilisfang hér á landi, kemur hingað til lands til þess að setja á stofn eða starfrækja fyrirtæki, leita sér atvinnu, fást

við einhverja starfsemi í tekjuöflunarskyni eða taka sér hér fast aðsetur, þá skal hann eigi síðar en innan viku frá komu sinni skýra lögreglustjóra, þar sem hann ætlar að dvelja, frá fyrirætlun sinni og gera grein fyrir högum sínum.

Þeir útlendingar, sem tilkynningarskyldir eru samkvæmt fyrri ákvæðum greinar þessarar, skulu, ef þeir flytja úr einu lögsagnarumdæmi í annað, tilkynna það hlutaðeigandi lögreglustjórum. Svo skulu þeir og tilkynna lögreglustjóra, þar sem þeir síðast dvöldu, ef þeir flytja af landi brott.

Lögreglustjórar skulu halda nákvæma skrá yfir tilkynningarskylda útlendinga í umdæmi þeirra. Dómsmálaráðherra ákveður tilhögun skrána.

6. gr.

Rétt er að meina þeim mönnum útlendum að stiga hér á land, setjast hér að eða dveljast hér, sem:

1. Eigi geta sannað eða gert sennilegt, að þeir fái framfært sig eða þá, sem á vegum þeirra eru, án þess að þiggja hér framfærslustyrk næstu 2 ár eftir að þeir hafa hingað flutzt.
2. Haldnir eru næmum sjúkdómi, enda þótt eigi sé lögskilt að beita sóttvörnum, ef landlæknir telur ástæðu til að meina mönnum landsvist þess vegna.
3. Gera eigi grein fyrir því eða skýra rangt frá því, í hvaða skyni þeir eru hingað komnir.
4. Komnir eru hingað til starfa eða athafna, sem dómsmálaráðherra telur ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum þeirra er að öðru leyti svo háttáð, að vist þeirra hér megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings.
5. Hefir verið vísað burt úr öðru ríki af ástæðum þeim, sem í 4. tölul. greinir.
6. Hafa orðið sekir, þar sem þeir hafa áður dvalizt, um verk, sem svivirðileg eru að almenningsáliti, eða lögregla þar lýsir eftir þeim vegna brota á landslögum þar.

7. gr.

Nú hefir útlendur maður sett að hér á landi, og skal þá vísa honum burt:

1. Ef hann verður hér framfærslustyrksþurfi.
2. Ef hann verður sekur, áður en hann hefir dvalizt hér full 5 ár samfleytt, að lagadómi um verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti. Skal það þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dómnum.

8. gr.

Ef útlendur maður hefir sett að hér á landi eða tekið hér dvöl, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli verða af landi brott:

1. Ef hann vanrækir tilkynningarskyldu sína samkv. 5. gr.
2. Ef hann verður uppvís að því að hafa skýrt visvitandi rangt frá um atriði þau, sem í 6. gr. segir.

3. Ef svo reynist eða verður ástatt um hann sem í 6. gr. 2. og 4.—6. tölul. segir.
4. Ef hegðun hans eða hagir að öðru leyti gefa tilefni til brottvisunar.

9. gr.

Nú er manni meinuð landsvist samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og skal hann þá flytja sig af landi burt ásamt skuldaliði sínu. Þó getur dómsmálaráðherra leyft honum eða þeim, sem á vegum hans hafa hér verið, landsvist framvegis, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Allur kostnaður, sem af brottvisun manns úr landi leiðir, greiðist af þeim, sem á brott er visað, og má gera lögtak í eignum hans fyrir kostnaðinum. Að því leyti sem kostnaður greiðist ekki samkvæmt framansögðu, skal hann greiddur úr ríkissjóði.

10. gr.

Hver sá, sem gerir sér það að atvinnu að nokkru eða öllu leyti að hýsa gesti, skal hafa gestabók, löggilta af lögreglustjóra, gegnumdregna og tölusetta. Skulu allir þeir, er gistingu taka eina nótt eða lengur, rita með eigin hendi nöfn sín, heimili, stöðu og síðasta dvalarstað í bókina. Lögreglumönnum skal jafnan heimilt að skoða bók þessa og taka eftirrit af henni. Dómsmálaráðherra getur einnig skyldað forstjóra gistihúsa til þess að senda lögreglunni eftirrit úr gestabók.

11. gr.

Dómsmálaráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara og hafa strangt eftirlit með því, að lögreglustjórar og lögreglumenn framfylgi ákvæðum laganna. Hann ákveður samstarf þeirra við dómsmálaráðuneytið.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. varðar sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, svo og reglugerð og fyrirmælum, sem dómsmálaráðherra setur með heimild í lögnum, varðar sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Ef sá maður, sem meinuð hefir verið landsvist hér eða visað af landi burt samkvæmt lögum þessum, kemur aftur hingað til lands án þess að hann hafi til þess leyfi dómsmálaráðherra, skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda sé honum gefið til vitundar í refsidómi eða í brottflutningsskipun, að endurkoma til landsins varði þessum viðurlögum.

Forstöðumann gistihúss má auk refsingar dæma til að hafa fyrirgert rétti til að halda gistihús eða standa fyrir gistihúsi eða veitinga, ef um er að ræða stórfellt eða ítrekað brot gegn ákvæðum 10. gr.

Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim er refsiverð.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ef halda þarf annars réttarrannsókn um lagi útlendra manna hér vegna einhverra atriða, varðandi framkvæmd laga þessara, þá skal hún fara að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög nr. 10 frá 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum, eru úr gildi numin.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.